

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulag, Neðraberg, svæði A og B, Bergsstaðir.*

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir skilgreiningu á fimm lóðum á svæðum A og B við Neðraberg. Þrjár lóðir eru skilgreindar á svæði A, lóð fyrir eldra íbúðarhús, lóð fyrir nýtt íbúðarhús og lóð fyrir útihús. Tvær nýjar frístundahúsalóðir eru skilgreindar á svæði B þar sem heimilt er að reisa eitt frístundahús ásamt 25-30 m<sup>2</sup> útihúsi/geymslu/bílskýli innan hvers byggingarreits. Leyfilegt byggingarmagn á hverri frístundalóð er að hámarki 0,03 af stærð lóðar. Samþykkt í sveitarstjórn 1. september 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 22. mars 2017.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Pétur Ingi Haraldsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 5. apríl 2017